

FUNDARGERÐ

Fundarstaður: Krókur á Álftanesi.

Fundardagur: 14. júní 2017

Fundartími: 14.00

Fundarritari: Guðný Gerður Gunnarsdóttir

Fundarmenn: Anna Líska Guðmundsdóttir, Arinbjörn Vilhjálmsson, Björn Pétursson, Margrét Pálsdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Sólveig Jóhannsdóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir minjavörður.

Fundarstaðurinn, Krókur, er innan væntanlegs verndarsvæðis í byggð í Garðhverfi og skoðuðu minjaráðsmenn húsakost og nánasta umhverfi áður en gengið var til dagskrár:

1. Fundargerð fundar minjaráðs 8.11.2016 samþykkt.
2. Verndarsvæði í byggð. Kynning á stöðu verkefnisins og tillögu Garðabæjar um að Garðaholt verði verndarsvæði í byggð.

Guðný Gerður skýrði frá vinnu við gerð tillagna að verndarsvæði í byggð sem hlutu styrk úr húsafriðunarsjóði á síðasta ári. Kynnt var leiðbeiningarit um vinnuferlið við gerð tillögu og greinargerð sem Minjastofnun hefur gefið út og er að finna á vefnum. [http://www.minjastofnun.is/media/leidbeiningarit/Verndarsvaedi\\_greinargerð\\_leidbeiningar\\_utgafa1\\_03032017.pdf](http://www.minjastofnun.is/media/leidbeiningarit/Verndarsvaedi_greinargerð_leidbeiningar_utgafa1_03032017.pdf)

Arinbjörn kynnti deiliskipulag Garðahverfis frá 2013, sem tillaga Garðabæjar byggir á, en tillaga Garðabæjar um verndarsvæði í byggð á Garðaholti er fyrsta tillagan sem hefur verið auglýst. Deiliskipulag og tillöguna er að finna á vefnum: [gardahverfi.is](http://gardahverfi.is). Athygli vakti að enn eru gamlir rafmagnsstaurar meðfram Garðavegi og er það álit ráðsins að það beri að varðveita þá enda eru þeir mikilvægur hluti af svipmóti Garðahverfisins og beinir minjaráð því til Minjastofnunar að mikilvægt er að standa vörð um þá.

Guðný Gerður sagði frá því að auglýst verður eftir umsóknum um styrki úr húsafriðunarsjóði til verndarsvæða í byggð í haust.

Arinbjörn skýrði frá tillögu að stækkun kirkjugarðsins við Garðakirkju í aðalskipulagi Garðabæjar sem nú er í auglýsingu, frestur er til 19. júní. Rætt var um áhrif sem það

gæti haft á byggðina á Garðahverfi og var eftirfarandi bókun samþykkt:

*Minjaráð Reykjavíkur og nágrennis vekur athygli Minjastofnunar á því að nú liggur fyrir tillaga að aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030, þar sem gert er ráð fyrir stækkun Garðakirkjugarðs til norðurs að Garðavegi. Að mati minjaráðs myndi sú breyting á kirkjugarðinum hafa áhrif á umhverfi kirkjunnar og svipmót byggðarinnar og raska menningarlandslagi svæðisins og er andstætt deiliskipulagi Garðaholts og tillögu að verndarsvæði í byggð sem lögð hefur verið fram.*

3. Útivistarsvæði við Kaldársel í Hafnarfirði. Björn kynnti tillögu að deiliskipulagi útivistarsvæðis og tillögu að því að sett verði göngubrú ofan á hlaðinn steinvegg, sem gerður var þvert yfir gjá þegar vatnsveita var lögð frá Kaldárseli til Hafnarfjarðar. *Minjaráð lýsti ánægju sinni með vel unna útfærslu þar sem saman fer verndun minja og nýting þeirra fyrir almenning.*

4. Menningarminjadagur Evrópu 2017.

Menningarminjadagurinn verður haldinn 21. október. Sjónum verður beint að menningarminjum sem eru í hættu vegna náttúruafla og er óskað eftir að efnt verði til viðburða á hverju minjasvæði, þar sem vakin er athygli á minjum og minjastöðum sem eru í hættu. Getur það verið vegna landbrots af völdum sjávar eða uppblásturs. Nefndir voru nokkrir staðir, svo sem Saurbær á Kjalarnesi, Gunnunes á Álfsnesi, en ráðsmenn munu huga að fleiri stöðum sem þetta á við. Guðný Gerður sagði frá átaksverkefnum Minjastofnunar um skráningu sjávarminja sem unnið er að, þó ekki enn á minjasvæði Reykjavíkur og nágrennis.

5. Evrópska menningararfsárið 2018.

Guðný Gerður skýrði frá því að Evrópuráðið og Evrópusambandið hefur ákveðið að árið 2018 verði helgað menningararfi í Evrópu og dreifði minnisblaði, sem fulltrúi Evrópusambandsins lagði fram á fundi forstöðumanna Evrópskra minjastofnana í síðustu viku. Aðaláhersla verður á sameiginlegan Evrópskan menningararf og á að kynna ungu fólki hann. Menntamálaráðuneytið mun hafa umsjón með því og er undirbúningur á byrjunarstigi og enn hefur ekki verið tilnefndur íslenskur tengiliður.

6. Önnur mál voru ekki tekin fyrir.

Fundi slitið 16.00